

á útflutningsdegi og um aldur þess, enda séu vottorð þessi staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða 20—5006 króna sektum, er renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um loðdýrarækt og loðdýralánaheimild nr. 38 13. júní 1937, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Afvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. október 1937.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

112

27. okt.

REGLUGERÐ

um loðdýralánadeild Búnaðarbanka Íslands.

113

27. okt.

1. gr.

Stofna skal við Búnaðarbanka Íslands lánadeild, sem nefnist loðdýralánadeild.

2. gr.

Ríkissjóður leggur deildinni til óafturkræft framlag, 10 þúsund krónur árlega á næstu 5 árum, í fyrsta sinn 1938. Ríkisstjórnin ábyrgist lán, sem deildin tekur, eða verðbréf, sem hún gefur út til sölu, hvorttveggja með samþykki landbúnaðarráðherra, þó ekki yfir 100 þúsund krónur árlega á næstu 5 árum.

Nú gefur deildin út verðbréf samkvæmt framansögðu, og ákveður þá landbúnaðarráðherra upphæð, vexti, útdrátt bréfa og annað, er þurfa þykir.

3. gr.

Loðdýralánadeild veitir lán til þess að stofnsetja loðdýrabú og mega lánin nema allt að 40% af stofnkostnaði búanna, þó aldrei meira en 2 þúsund krónur til hvers einstaks bú. Lán má þó nema allt að 60% af stofnkostnaði og allt að 500 krónum á félagsmann, ef búið er félagseign að minnsta kosti 5 manna, enda standi þeir allir í samábyrgð fyrir láninu.

Við mat á stofnkostnaði samkvæmt þessari grein, skal hafa hliðsjón af hæfilegum kostnaði við uppsetning búra og girðinga og eðlilegu verði lifdýra. Ákveður stjórn Búnaðarbankans á hverjum tíma, í samráði við ráðunaut ríkisins í loðdýrarækt, hvað skuli teljast meðalstofnkostnaður loðdýrabúa og eðlilegt verð loðdýra, og hagar lánveitingum samkvæmt því.

4. gr.

Lánstíminn er 12 ár. Lánin endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 10 árum, en eru afborgunarlaus fyrstu 2 árin. Vextir af lánunum greiðast fyrirfram fyrir eitt ár í senn.

Gjalddagi lánanna, vaxta og afborgana, er 1. okt. ár hvert. Þó getur bankinn samþykkt eða ákveðið annan gjalddaga á lánunum.

Stjórn Búnaðarbankans ákveður vexti af lánunum með samþykki landbúnaðarráðherra.

Dráttarvextir skulu vera 1% af höfuðstólnum, ef vanskil verða.

5. gr.

Lánunum þeim, er loðdýralánadeild veitir, má ekki segja upp, meðan skuldunautur gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengið. Ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga, eða ef veðið gengur úr sér, svo að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða ef á veðið falla skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfum loðdýralánadeildar, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, er stjórn Búnaðarbankans heimilt að telja eftirstöðvar lánsins fallnar í gjalddaga þegar án uppsagnar.

27. okt.

Lánin skulu veitt gegn fyrsta veðrétti í loðdýrabúi lántakanda, loðdýrum í loðdýragarði með ytri girðingu, búrum og gotkössum. Eigi er loðdýrabú veðhæft með færri dýrum en fjórum silfurrefum (2 pörum) eða að minnsta kosti jafnmiklu verðmæti í öðrum loðdýrum eftir mati bankans samkvæmt 3. gr. Loðdýr í aðhaldi eru ekki veðhæf.

6. gr.

7. gr.

Lánbeiðni til loðdýralánadeildar skulu fylgja þau skilríki, er hér segir:

1. Vottorð um loðdýragarðinn frá loðdýraræktarráðunaut eða öðrum, er hann hefir falið að gefa það vottorð, og lánveitandi tekur gilt.
Í vottorðinu skal fram tekið:
 - a. Hvar loðdýragarðurinn er settur (býli, kaupún, kaupst.).
 - b. Tegund loðdýra og fjöldi.
 - c. Heilbrigði dýranna og ástand.
 - d. Lýsing á loðdýragarði eða aðhaldi.
 - e. Afrit af úttektarvottorði gæzlumanns.
 - f. Matsgerð vottorðsgefanda á veðinu, sbr. 3. gr.
2. Hvernig eigninni er farið og hverjir eru eigendur.
3. Eignar- og veðbókarvottorð frá hlutaðeigandi valdsmanni.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887, er heimilt að veðsetja loðdýralánadeild tiltekna tölu loðdýra án þess að hin veðsettu dýr séu sérstaklega auðkennd, enda sé lántakanda óheimilt að veðsetja önnur loðdýr sín annarsstaðar með fyrsta veðrétti. Skylt er lántakanda að viðhalda tölu hinna veðsettu dýra, en ef þeim fækkar, skal hann þegar endurgreiða af láninu í hlutfalli við rýrnun veðsins.

9. gr.

Þegar ganga þarf að tryggingu, sem sett er fyrir láni úr loðdýralánadeild, skal fyrst ganga að veðinu, loðdýrum og loðdýragarði, en síðan að sjálfskuldarábyrgðum, ef um lán til félagsbúa hefir verið að ræða, samkvæmt 3. gr.

10. gr.

Loðdýragarðar, sem stofnaðir eru og starfræktir samkvæmt lögum um loðdýrarækt og loðdýralánaheild nr. 38 13. júní 1937, skulu teljast lausafé, óháð öllum veðböndum, er hvíla kunna á þeim fasteignum, sem þeir eru settir á, nema þeir hafi sérstaklega verið veðsettir með fasteignunum.

Ef sá staður, bújörð eða lóð, sem loðdýrabú stendur á, verður selt á opinberu uppboði eða á annan hátt, skal eigandi loðdýrabús, sem veðsett er loðdýralánadeild, hafa að minnsta kosti eins árs frest til þess að flytja búið á annan stað eða ráðstafa því á annan hátt. Skal honum á þessu tímabili heimilaður óhindraður aðgangur að búinu til að rækja öll þau störf, er teljast verða nauðsynleg til þess að verðmæti þess rýrni ekki á nokkurn hátt.

11. gr.

Loðdýralánadeild tekur þátt í sameiginlegum rekstrarkostnaði Búnaðarbanka Íslands samkvæmt úrskurði landbúnaðarráðherra.

Endurskoðunarmenn Búnaðarbankans hafa á hendi endurskoðun loðdýralánadeildar.

Reikningar loðdýralánadeildar skulu birtir með öðrum reikningum bankans.

12. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um loðdýrarækt og loðdýralánadeild nr. 38 13. júní 1937, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. október 1937.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.